

Fyrirspurn

til iðnaðarráðherra um rafmagnseftirlit.

Frá Gísla S. Einarssyni og Ögmundi Jónassyni.

1. Hversu margar rafveitur hafa verið skoðaðar árlega sl. þrjú ár:
 - a. nýjar neysluveitur, heildarskoðun, þ.e. allt rafkerfi viðkomandi húsa,
 - b. nýjar neysluveitur, hlutaskoðun, þ.e. hversu margar veitur eru aðeins skoðaðar að hluta,
 - c. gamlar neysluveitur, heildarskoðun, þ.e. íbúðaveitur, atvinnuhúsnæði, sveitaveitur og stærri iðnaðarveitur, svo sem verksmiðjur,
 - d. háspennuveitur, þ.e. aflstöðvar, tengivirki og háspennulínur?
2. Er mikið um að stærri neysluveitur séu aðeins skoðaðar að hluta þar sem skoðunarstofur í rafmagnseftirliti verða að takmarka skoðunartíma fyrir hverja veitu vegna kostnaðar?
3. Hver er meðalkostnaður rafmagnseftirlitsskoðana neysluveitna sem unnar eru af skoðunarstofum í umboði Löggildingarstofu á:
 - a. íbúðum í fjölbýlishúsum, annars vegar gömlum og hins vegar nýjum,
 - b. einbýlis- og raðhúsum,
 - c. atvinnuhúsnæði, annars vegar heildarskoðun og hins vegar hlutaskoðun,
 - d. stærri iðnaðarveitum, svo sem verksmiðjum?

Skriflegt svar óskast.